

47. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn á Hvolsvelli þriðjudaginn 20.8. 2019 kl. 10

Mætt: Anton Kári Halldórsson, Björg Árnadóttir, Eva Björk Harðardóttir, Þorbjörg Gísladóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn framkvæmdastjóri jarðvangsins, Berglind Sigmundsdóttir.

Anton Kári, formaður stjórnar, setti fund en síðan var gengið til dagskrár:

## 1. Fundargerð 46. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs

Fundargerðin staðfest með undirritun.

### 1. Ársreikningur 2018

Margrét Ísólfsdóttir fjármálastjóri Rangárþings eystra fór yfir reikninginn. Tap varð af rekstri hans sem nam tæpum 4 mkr en tekjur ársins voru 41 mkr. Ársreikningurinn var staðfestur með undirritun.

### 2. Staðan á Þorvaldseyri eftir sumarið

Farið yfir stöðuna, ákveðið að fara nánar yfir málið á fundi í september, m.a. með tilliti til rekstrarforsenda, þ.e. tekna og útgjalda, auk hlutverks gestastofunnar varðandi sýnileika jarðvangsins, bæði gagnvart íbúum og gestum. Jafnframt verði unnið að stefnumótun fyrir jarðvanginn.

### 3. Yfirstandandi verkefni önnur og það sem er framundan

#### a. Erlend verkefni og samstarf:

- EGN fundur 2021 og UNESCO úttekt – 2021. Málið rætt.

#### b. Náttúruvernd - skipulagsmál

- Byggðaáætlun, styrkur 3,5 mkr – „Ávinning af friðlýsingu alþjóðlegra mikilvægra jarðvætta í KGP“. Málið í farvegi í samvinnu við SASS og Náttúrustofu Suðausturlands.
- Jarðvangskortaskilti og náttúruskilti

Mikilvægt að ljúka uppsetningu til að fá styrk greiddan út. Einnig í undirbúningi skilti vegna fallhættu og hrunhættu í samvinnu við NOHNIK.

- Eldhraun - áfangastaður á landsáætlun - í ferli (ráðgjöf við UAR og UST) Beðið eftir svörum frá Umhverfisstofnun.
- Uppbygging áfangastaða: Sjálfbóðaliðar – gönguleiðir – göngukort: framtíðar verkefni með tengiliðum? (unnið með sjálfbóðaliðasamtökum). Samþykkt að skoða nánar, e.t.v. í tengslum við stefnumótun.
- Fjölmiðla áreiti -náttúruvernd og eftirlit. Talsvert um fyrirspurnir til jarðvangsins varðandi ástand jarðvætta. Samþykkt að slíkum fyrirspurnum sé vísað til viðkomandi sveitarfélaga.

#### c. Framundan, stefnt að....og önnur verkefni

##### ○ Sýnileiki, fyrirtæki og markaðsefni

- Samvinnuverkefni með Kötluasetri um námskeið/kynningu í haust fyrir starfsfólk í ferðapjónustu (upplýsingamiðstöðvum). Stefnt að því í byrjun október.
- Heimasíða í uppfærslu árið 2020. Brýn þörf á uppfærslu, hugsanlega í tengslum við stefnumótunina.
- Jarðvangsvikan árið 2020 – dagsetningar, mikilvægt að ákveða þær í samvinnu við sveitarfélögin, mögulega í sambandi við 10 ára gosafmæli Eyjafjallajökulsgossins.

##### ○ Fræðsla, samstarf

- Fræðsluefnisgerð og jarðvangsskólar. Málið rætt.
- Volcanpark fundur – fyrirhugaður 2020, en ekkert heyrst um málið nýlega.
- Haustfögnuður starfsmanna. Samþykkt.

### 4. Önnur mál

Fleira ekki og fundi slitið kl. 12:55.

*Anton Kári Halldórsson*

*Þorbjörg Gísladóttir*

*Berglind Sigmundsdóttir*